

2018 nr. 145 18. desember

Lög um veiðigjald

Tóku gildi 29. desember 2018.

Ef í lögum pessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málnefnasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra eða atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti sem fer með lög þessi.

■ 1. gr. Markmið.

□ Veiðigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.

■ 2. gr. Gjaldskylda.

□ Eigandi íslensks fiskiskips er gjaldskyldur samkvæmt lögum pessum og ber ábyrgð á greiðslu veiðigjalds af öllum afla skipsins úr nytjastofnum sjávar, sbr. 3. gr.

■ 3. gr. Gjaldstofn.

□ Stofn til álagningars veiðigjalds er allur afli íslenskra fiskiskipa úr nytjastofnum sjávar samkvæmt aflaskráningarkerfi Fiskistofu að frátoldum afla sem reiknast ekki til aflamarks skips skv. 9. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, ólögmætum sjávarafla, rannsóknarafla og afla úr stofnum sem ekki er stjórnæd með aflamarki, örðrum en makríl.

□ Þorskur og meðafla hans í rússneskri og norskri lögsögu sem og úthafskarfi sem veiddur er á ICES-svæði I og II (í Síldarsmugnum) myndar ekki stofn veiðigjalds.

□ Nytjastofnar sem hafa minna aflaverðmæti en 100 millj. kr. á ári samkvæmt vegnu meðaltali næstliðinna þriggja ára mynda ekki stofn veiðigjalds.

■ 4. gr. Fjárhæð veiðigjalds.

□ Ríkisskattstjóri gerir tillögu um fjárhæð veiðigjalds hvers nytjastofns fyrir komandi veiðigjaldsár til þess ráðherra sem fer með sjávarútvegsmál eigi síðar en 1. desember. Skal til-lagan vera um að veiðigjaldið nemí 33% af reiknistofni hvers nytjastofns skv. 5. gr. Ráðherra auglýsir gjaldið sem krónur á kílógramm landaðs óslægðs afla fyrir áramót. Veiðigjaldsár er almanaksárá.

■ 5. gr. Reiknistofn.

□ Stofn til ákvörðunar veiðigjalds hvers nytjastofns skal reikna í þremur skrefum. Fyrst skal reikna fyrir hvert fiskiskip. Frá aflaverðmæti hvers nytjastofns sem skipið veiðir skal draga hlutdeild stofnsins í breytilegum og föstum kostnaði skipsins við veiðiúthald. Hlutdeild í breytilegum og föstum kostnaði við veiðiúthald skal vera jöfn hlutdeild aflaverðmætis stofnsins af heildaflaverðmæti skipsins á almanaksári. Þessu næst skal leggja saman þá niðurstöðu fyrir öll fiskiskip sem veiddu nytjastofninn. Að lokum skal deila í samtölu þessa með öllu aflamagni nytjastofnsins hjá öllum fiskiskipum á sama almanaksári. Reikna skal til króna á kílógramm landaðs óslægðs afla.

□ Aflaverðmæti skal umreikna úr slægðum eða unnum afla til óslægðs afla og skal við þessa reikninga lækka skráð aflaverðmæti landaðs frysts afla um $\frac{1}{10}$ til að taka tillit til vinnslu um borð í skipum. Hækka skal skráð aflaverðmæti síldar, loðnu, kolmunna og makrils um $\frac{1}{10}$. Til breytilegs kostnaðar við fiskveiðar telst launakostnaður áhafna, eldsneyti eða annar orkugjafi fiskiskipa, veiðarfærakostnaður, viðhald fiskiskipa, frystikostnaður og umbúðir, löndunarkostnaður, hafnargjöld og eftirlits- og leyfisgjöld í fiskveiðum önnur en veiðigjald, flutningskostnaður, tryggingar, sölukostnaður og stjórnunarkostnaður. Til fasts kostnaðar við fiskveiðar teljast

skattalegar fyrningar skipa og skipsbúnaðar og áætluð vaxtagjöld sem nema skulu sömu fjárhæð og fyrningarnar.

□ Eigendum, útgerðaraðilum og rekstraraðilum íslenskra fiskiskipa er skylt að skila sérstakri greinargerð um tekjur og kostnað af veiðum fiskiskipa og úthaldi þeirra, sundurgreint á einstök fiskiskip, með skattframtósum á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ákvæði 90. og 92.–94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, gilda um öflun og skil þessara upplýsinga, eftir því sem við á. Sé upplýsingum ekki skilað eða ef upplýsingar sem látnar eru í té reynast ófullnægjandi eða ótrúverðugar, eða frekari þörf er talin á upplýsingum um einstök attíði, skal ríkisskattstjóri skora á viðkomandi að bæta úr. Verði áskorun um úrbætur ekki sinnt skal áætla tekjur og kostnað og skal miða fjárhæð kostnaðar við að hún sé ekki hærra en raunverulegur kostnaður. Við þessa áætlun er heimilt að taka mið af gögnum og upplýsingum sem aflað er hjá opinberum stofnum og einkaaðilum. Jafnframt er heimilt að leiðréttá sýnilegar villur eða mistök í upplýsingum. Fiskistofu er heimilt að miðla upplýsingum til embættis ríkisskattstjóra úr aflaskýrslum og vigtar- og ráðstöfunarskýrslum og skal hún vera embættinu til ráðuneytis um þau gögn sem stofnunin létur því í té.

□ Komi í ljós við yfirferð greinargerðar sem getur í 3. mgr. að hún er ranglega útfyllt þannig að tekjur eru verulega vantaldar eða kostnaður oftalinn skal ríkisskattstjóri leggja á rekstraraðila sérstakt gjald sem nemur 5% af vantalinni tekju-fjárhæð og/eða oftoldum kostnaði. Gjald þetta skal leggja á óháð því hvort vantaldar tekjur og/eða oftalinn kostnaður leiðir sem slískur til leiðréttингar á reiknistofni veiðigjalds. Þá varðar engu þótt leiðréttинг sé gerð síðar en tillaga er gerð til ráðherra skv. 4. gr. Ákvörðun ríkisskattstjóra um álagningu þessa gjalds er kærnleg til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

□ Í þeim tilvikum þegar ekki liggja fyrir full skil upplýsinga sem getur í 2. og 3. mgr. skal engu síður reikna stofn veiðigjalds fyrir nytjastofna, eftir atvikum með beitingu þeirra heimilda sem kveðið er á um í 3. mgr.

□ Hafi útreikningur reiknistofns reynst verulega rangur af einhverjum ástæðum er heimilt að endurákvvarða gjaldið, samkvæmt ákvæðum 4. gr., til allt að síðustu tveggja veiðigjaldsára, þótt í ljós hafi komið að álagning hafi verið of lág.

■ 6. gr. Álagning o.fl.

□ Skráður eigandi skips við álagningu veiðigjalds er ábyrgur fyrir greiðslu þess. Ef fleiri en einn eigandi eru að skipi bera allir eigendur þess óskipta ábyrgð á greiðslu veiðigjalds.

□ Fiskistofa leggur á veiðigjald. Veiðigjald fellur í gjald-daga 1. hvers mánaðar vegna veiða þarsíðasta mánaðar. Við álagningu skal leiðréttá fyrir slægingu eða annarri aflameðferð fyrir löndun ef við á.

□ Við álagningu veiðigjalds skal frítekjumark nema 40% af fyrstu 6 millj. kr. álagningar hvers árs hjá hverjum gjaldskyldum aðila. Þessi fjárhæð tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardegi skv. 4. gr.

■ 7. gr. Innheimta.

□ Innheimtumenn ríkisskjóðs innheimta veiðigjald og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitsllutverk við innheimtu þess, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Sé veiðigjald ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga skal greiða ríkisskjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sé veiðigjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal Fiskistofa fella almennt veiðileyfi hlutaðeigandi skips niður.

Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimiluð miðlun upplýsinga af þessu tilefni. Kröfum um greiðslu veiðigjalds fylgir lögveð ríkissjóðs í hlutaðeigandi skipi í fjölgum ár frá gjalddaga.

Lögveðið nær einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar.

Fiskistofa birtir árlega upplýsingar um álagningu veiðigjalds. Upplýsingar um álagningu og innheimtu veiðigjalds á hvern og einn greiðanda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að.

■ **8. gr. Sérákvæði.**

Veiðigjald fyrir hvern hval er sem hér segir: i) langreyður 50.000 kr., ii) hrefna 8.000 kr. Veiðigjald á sjávargróður er sem hér segir: 500 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossaþara og stórfara (blautvigt). Þessar fjárhæðir taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardeggi skv. 4. gr.

Veiðigjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

Í milliríkjjasamningi um heimildir erlendra fiskiskipa til fiskveiða innan íslenskrar lögsögu eða samkvæmt aflaheimild íslenskra stjórvalda í deilistofnum er heimilt að semja um fjárgreiðslu til íslenskra stjórvalda. Ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga gilda í slíkum tilvikum, eftir því sem við á.

■ **9. gr. Refsingar og viðurlög.**

Skýri aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi með röngum eða villandi hætti frá upplýsingum sem getur í 3. og 5. gr. varðar það fjársekt. Stórfelld brot gegn ákvæði þessu, eða samlög um sílka háttsemi, varða allt að tveggja ára fangelsi. Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

■ **10. gr. Gildistaka.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

■ **Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal veiðigjald á landaðan afla frá og með 1. janúar til 31. desember 2019 nema í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla þeim fjárhæðum sem hér segir:

Blálanga	6,90 kr./kg
Djúpkarfi	11,32 kr./kg
Grálúða	35,19 kr./kg
Gulllax	4,14 kr./kg
Hlíðri	12,56 kr./kg
Humar	18,91 kr./kg
Íslensk sumargotssíld	2,27 kr./kg
Karfi/gullkarfi	8,14 kr./kg
Keila	4,69 kr./kg
Kolmunni	0,57 kr./kg
Langa	8,42 kr./kg
Langlúra	4,83 kr./kg
Litli karfi	4,55 kr./kg
Loðna	2,13 kr./kg
Makrill	3,55 kr./kg
Norsk-íslensk síld	2,27 kr./kg
Rækja	0,00 kr./kg
Sandkoli	2,48 kr./kg
Skarkoli	10,35 kr./kg
Skráplúra	2,62 kr./kg
Skötuselur	10,76 kr./kg
Steinbítur	8,42 kr./kg
Ufsi	7,73 kr./kg
Úthafsrækja	0,00 kr./kg
Ýsa	16,15 kr./kg
Þorskur	13,80 kr./kg
Þykvalúra	23,74 kr./kg